



Litla

LESRÚN

lesa – skilja – læra

Kæru nemendur

Í þessari bók æfist þið í ...

- að lesa og læra ný orð
- að finna aðalatriði í texta
- að gera hugarkort
- að leysa gátur og finna rím
- að svara spurningum
- að ræða saman



lesa – skilja – læra

Á vinstri blaðsíðum

eru margs konar sögur og fróðleikur sem þið lesið sjálf eða með öðrum.

Á hægri blaðsíðum

eru verkefni sem þarf að ræða og vinna saman. Oft á að skrifa eða teikna.

Táknin í bókinni



Ræðið saman.



Ræðið saman og skrifið í bókina.



Pöndur



Pandabirnir eða pöndur eru skemmtileg dýr sem lifa í Kína. Ræðið saman um það sem þið vitið um pandabirni og lesið síðan textann. Búið er að strika undir aðalatriðin.

Ég er pandabjörn
og ég á heima í landi
sem heitir Kína.

Ég bý í skógi
sem er fullur af bambus.
Bambus er tegund af grasi.
Á hverjum degi borða ég
mikið af bambus.

Ég er með beittar klær
og stórar tennur.
Ég er með kringlóttan haus
og svört lítill eyru.
Ég er með svartan og hvítan
feld sem heldur á mér hita.

Ég er góður að klifra
og ég get líka synt.

Pöndur eins og ég ná yfirleitt
að verða um 20 ára gamlar
en geta orðið eldri í dýragörðum.




Hugarkort

Skrifið aðalatriðin um pöndur á réttan stað í hugarkortið.



færni

fæða



heimkynni

líftími

útlit

Nú hafið þið lesið um útlit, fæðu og færni pandabjarna.
En hvar ætli pöndur sofi? Hvers vegna nudda þær
rassinum upp við tré?


Pöndur eyða deginum
í að éta bambus
og hvíla sig í trjánnum.
Stundum sofna þær uppi í tré.
Pandabirnir sofa líka í hellum.

Pöndur merkja sér svæði
með því að nudda afturendanum
við trjástofna og skilja þannig
lykt sína eftir þar.

Elsta panda sem hefur lifað
var birna sem hét Jia-Jia
og varð hún 38 ára gömul.


Jia-Jia bjó í dýragarði í Kína.
Hún náði ekki að eignast
neinn hún á sinni löngu ævi.

Elsti pandabjörn heims
var aftur á móti hinn
31 árs gamli Pan-Pan.



Krossgáta

Leysið krossgátuna. Orðin sem þið þurfið að nota eru öll undirstrikuð í textanum hér til hliðar.



→ Lárétt

3. landið þar sem pöndur lifa
5. kvenkyns pandabjörn
6. rass
7. afkvæmi pandabjarna

↓ Lóðrétt

1. elsta pandan
2. elsti pandabjörninn
4. staður þar sem pöndur sofa
5. karlkyns pandabjörn

Krossið í réttan reit.




Afkvæmi panda kallast ...

- hvolpur
- húnn
- kópur
- kálfur

Pöndur sofa ...

- í hreiðri
- undir sæng
- í trjám og hellum
- í holu

Þrívíð form



Hvernig ætli sé að horfa á bíómynd með þrívíddar-gleraugum?
Allir hlutir þar sem þrjár hliðar sjást eru í þrívídd.
Hver ætli sé munurinn á tvívídd og þrívídd?

Lesið ljóðið og skrifið rétt form við hverja mynd.

Þrívíð form eru ekki flöt.
Þrívíð form má klæða í föt.

Keila er eins og partý-höttur.
Kúla er eins og bolti og hnöttur.






Ferstrendingur, blokk og pakki.
Teningi kastar í spili krakki.



ferstrendingur



Sívalningur eins og dós.
Píramídi – hús Faraós.





Þrívíð form eru hér og þar.
Þrívíð form eru alls staðar!


Rím 

Hvaða orð ríma
í ljóðinu?


**Hvað lýsir myndinni best?
Krossið við rétta lýsingu.**




- Þau spila Lúdó og kasta teningi.
- Systkinin kasta teningum á milli sín.
- Krakkarnir stafla kössunum upp.



- Brynja drekkur úr gosdós með röri.
- Strákurinn skriður í gegnum rörið.
- Stúlkan hellir úr málningardós.




- Kúluvarparinn kastar kúlunni langt.
- Karlinn er með stóra kúlu á höfðinu.
- Stelpurnar spila handbolta.



**Veljið eina setningu
og teiknið mynd
sem passar.**



- Bína býr í blokk.
- Sveinn fékk harðan pakka.
- Stóra bókin liggur á borðinu.



Sæhestar




Ræðið saman um dýrin í sjónum og teljið upp eins mörg og þið getið. Hafið þið heyrt um hesta sem lifa í sjónum? Sæhestar eru sjávardýr sem gaman er að lesa um.

Sæhestar eru skrytín sjávardýr. Hausinn á þeim líkist hestshaus og þeir eru með hala sem þeir nota til að festa sig við kórala og þörungum.

Sæhestar komast ekki hratt á milli staða. Þeir nota eyruggana og synda uppréttir. Þeir geta breytt um lit eftir umhverfi sínu.


Sæhestar lifa í hlýjum sjó og éta alls kyns smádýr af hafsbotni. Þeir geta orðið fjögra ára gamlir.

Það sérstaka við sæhesta er að karlinn gætir eggjanna. Eggin eru geymd í poka á maganum á honum þar til þau klekjast út og verða að litlum sæhestabörnum.



Hugarkort

Búið er að strika undir aðalatriðin um sæhestinn í textanum hér til hliðar. Skrifið orðin á réttan stað í hugarkortið.




Merkið við tvær réttar fullyrðingar.




- Haus á sæhesti líkist mannshöfði.
- Sæhestar synda hægt.
- Sæhestar festa sig við kórala og þörungum.
- Sæhestar lifa í köldum sjó.

Ormur ofurhetja




Oft getur mynd sagt meira en þúsund orð. Í myndasögum eru það myndirnar sem segja söguna en stundum er líka texti í talblöðrum. Lesið um Orm ofurhetju og ljúkið við myndasöguna.


Ormur er maðurkur.
Ormur er brúnn
og mjór ánamaðurkur.
Ormur býr í holu.
Ormur býr í moldarholu.
Ormur er alltaf inni.
Ormur sefur mikið.
Ormi leiðist.



Ormur skríður út úr
holunni sinni
og lítur í kringum sig.
Úti er rigning.
Nokkrir maðkar skríða
upp á gangstéttina.



Kona í svörtum stígvélum
hraðar sér eftir gangstéttinni.
Hún er að tala í síma
og tekur ekki eftir því
að hún stígur á maðkana.




Ormur æpir upp yfir sig af skelfingu. Hann lítur til himins og óskar sér:
- Ég vil gera og ég vil geta. Ég vil verða ofurhetja!

Púff! Elding skall á jörðinni.




Ormur breyttist. Hann varð stór og stæltur. Hann fékk bláan búk og um hálsinn gulan dúk. Hann gat skriðið ofur-hratt. og hann gat líka flogið.



Ormur sá aðra maðka í vanda. Hann bjargaði maðki af öngli. Hann hrifsaði maðk úr nefi fugls.

Þegar hinir maðkarnir sáu Orm skríða hjá sögðu þeir:
- Þarna fer vinur okkar, Ormur ofurhetja.



Snigillinn Snúður



Lesið um snigilinn Snúð og ævintýri hans. Litið síðan yfir öll orðin í textanum sem eiga við um nafnið hans, vini og húsið sem hann ber á bakinu.

Nafn snigilsins

Vinir hans

Húsið hans

Þetta er **Snúður**. Hann er snigill.
Þegar Snúður fæddist leit mamma hans á kuðunginn og sagði:
- Þú líkist mest snúði svo ég ætla að nefna þig Snúð.

Snúður er þrúður snigill.
- Góðan dag, segir hann þegar maurarnir ganga fram hjá honum.

- Góðan dag, Snúður, segja maurarnir.
Viltu koma í fótbolta?

- Það vil ég, segir Snúður og flýtir sér á eftir maurunum. En maurarnir ganga miklu hraðar en Snúður svo fljótlega er hann orðinn einn á ferð. Snúður er afskaplega leiður.

Hann vill ganga hraðar en sniglar hafa þungan kuðung á bakinu og bara einn fót. Þess vegna sniglast sniglar áfram – l ö t u r h æ g t.



Tengið saman.



kuðungur

- mjög hægt

prúður

- skel snigils

maur

- lítið skordýr

löturhægt

- kurteis



Klárið að svara spurningunum.



1. Af hverju fékk snigillinn nafnið Snúður?

Því að _____ hans fannst hann

líkjast _____

2. Hvað í textanum sýnir að Snúður hafi verið prúður?

Hann býður maurunum _____

3. Hvers vegna var Snúður leiður?

Af því að _____

gengu _____ en hann.

4. Af hverju ganga sniglar svona hægt?

Því að þeir eru bara með _____



Maurarnir stungu Snúð af og hann er leiður. En hverja ætli hann hitti næst? Lesið áfram um snigilinn hægfara.


Snúður sest upp á stein og kastar mæðinni. Tvær þúsundfætlur trítla blaðrandi fram hjá.

- Góðan dag, segir Snúður.
- Góðan dag, góðan dag, segja þúsundfætlurnar.
- Viljið þið leika við mig? spyr Snúður hikandi.
- Já auðvitað, auðvitað, segja þúsundfætlurnar.
- Komdu með okkur. Við erum að fara í fótbolta með maurunum.

Snúður silast l ö t u r h æ g t af stað á eftir þúsundfætlunum. En þær eru allt of snarar í snúningum og Snúður nær ekki að fylgja þeim.



- Hvað ætlar Snúður að gera með þúsundfætlunum?
- Hvað haldið þið að þúsundfætlur séu með margar fætur?



Krossið við rétt svar.



1. Hvað er þúsundfætla?

- skór sem kosta þúsund krónur
- liðdýr með marga fætur
- froskalappir notaðar í sundi
- köngulær með þúsund fætur



2. Hvað voru þúsundfætlurnar að gera þegar þær gengu fram hjá Snúði?

- blása í blöðrur
- lesa blað
- tala saman
- þrjóna sokka




3. Snúður sest upp á stein og *kastar mæðinni*. Það merkir að ...

- henda dóti í einhvern
- hrinda móður sinni
- ná andanum og hvíla sig
- gubba



4. Þúsundfætlurnar voru *snarar í snúningum*. Það merkir að ...

- vera góður í ballet
- snúa sér hægt í hring
- vera liðug
- hreyfa sig hratt




Snúður náði ekki að fylgja þúsundfætlunum eftir.
Hvað haldið þið að gerist næst? Spjallið saman
um framhaldið og lesið svo áfram um snigilinn seiga.


Aftur er Snúður orðinn einn.
Hann skríður dapur inn í kuðunginn
sinn og grætur. Hann heyrir
í þúsundfætlunum þegar þær koma
til baka úr fótboltanum.

- Snúður, af hverju komstu ekki?
Við biðum og biðum eftir þér.

Snúður svarar ekki strax.
Hann skammast sín fyrir að vera
svona lengi að labba.
- Öhh, ég fékk flís í tána.
Ég ætla að hvíla mig smástund,
segir hann að lokum.



- Af hverju er Snúður dapur?
- Af hverju laug hann?



Í lok sögunnar byrjar að rigna. Hvað haldið þið að Snúður geri til að skýla þúsundfætlunum frá rigningunni?

Skyndilega byrjar að rigna.

- Oj, við hötum rigningu, segja þúsundfætlurnar.
- Þið megið koma undir kuðunginn minn, segir Snúður.

Þúsundfætlurnar skríða undir kuðunginn.

- En hvað hér er hlýtt og gott, segja þær.

- Mikið ert þú sterkur að geta borið heilt hús á bakinu. Takk fyrir að leyfa okkur að vera hér.

Snúður, snigillinn sterki brosir og segir l ö t u r h æ g t :

- Mín er ánægjan.

Teiknið mynd af Snúði og vinum hans í lok sögunnar.



Fötin okkar




Hvað kallast fötin sem þið eruð í? Hvernig eru þau á litinn?
Hverju mynduð þið klæðast ef þið væruð á leið í veislu?

Lesið um fjölskyldu á leið í veislu og strikið undir orðin sem lýsa því hvernig fötin eru á litinn.



Fríða og Finnur
eru á leið í veislu
með börnum sínum.
Þau eru öll í fínnum fötum.



Bræðurnir Frosti og Funi
eru í hvítum peysum,
bláum buxum
og með rauðar derhúfur.

Fía systir þeirra er í bleikum
stuttermabol og fjólubláu pilsí.

Fríða er í græna sparikjólnum sínum,
rauðum jakka og í brúnum leðurstígvélum.


Finnur er í svörtum frakka, bláum
jakkafötum og appelsínugulri skyrtu.

Þetta er sannarlega flott fjölskylda.



**Á hvað er best
að hengja
sparifötin sín?**

Litið myndina út frá upplýsingum í textanum.



Litið yfir orðin sem passa fyrir framan og skrifið samsettu orðin á línurnar.



_____ - buxur

_____ - skór

Tungl-	Glugga-	Galla-
Hveiti-	Stutt-	Peysu-
Epla-	Bóka-	Smekk-

Tölvu-	Striga-	Bíl-
Inni-	Sápu-	Lampa-
Skýja-	Þoku-	Spari-



Hvaða flíkur hanga á þvottasúrunni? Skrifðu heiti þeirra á línurnar. Orðin eru í balanum neðst.



1. _____

7. _____

2. _____

8. _____

3. _____

9. _____

4. _____

10. _____

5. _____

11. _____

6. *sokkabuxur* _____

12. _____

bindi, blússa, buxur, gammosíur, hosur, jakki, kjóll, peysa, pils, sokkabuxur, stuttbuxur, úlpa

Hver er ég?



Skoðið myndina af fötunum á snúrunni og leysið gáturnar.

Ég er sett utan um háls á fólki og það er bundinn á mig hnútur. Karlar nota mig oft en konur.

Ég er doppótt.

Hver er ég?

Ég er með tvær rósóttar skálmur en þær eru stuttar. Fólk klæðist mér þegar það er hlýtt úti.

Hver er ég?



Ég er röndóttur. Ég er oft notaður sem spariflík. Konur nota mig oft en karlar.

Hver er ég?

Ég er með langar ermar og kraga. Ég er köflóttur. Ég er yfirhöfn.

Hver er ég?

Silja og Lilja



Þekkið þið einhver systkini? Eru þau lík?
Gera þau alla hluti eins? Lesið ljóðið um systurnar
Silju og Lilju og finnið orðin sem ríma.



Hún elskaði að lesa hún Lilja
en ekki systir hennar hún Silja.
Lilja gat lesið heilt bóka-haf
á meðan lá Silja bara og svaf.

Lilja — Silja

haf —

Skólanámið fannst Lilju létt
en Silju þótti erfitt að lesa rétt.
Lilju fannst lærdómur stanslaust stuð
en Silju þótti hann töluvert puð.


Silja var sterk og liðug sem maur
en Lilja var stirð eins og Stekkja-staur.
Silju fannst auðvelt að standa á haus
en Lilja var alveg jafnvægis-laus.

Silja gat synt eins og fiskur í sjó
en Lilju fannst sturtan alveg nóg.
Úti fannst Silju frábært að leika
en Lilju fannst útivist gera sig veika.

Já, þær voru ólíkar Silja og Lilja
eins og á þessum dæmum má skilja.
En þær elskuðu báðar að hafa gaman
og best fannst þeim að vera saman.

Líkt og ólíkt

Hér eru nokkur orð sem lýsa Silju og Lilju. Notið ljóðið og myndirnar til að hjálpa ykkur að skrifa orðin á rétta staði. Ef orðið á við báðar systurnar fer það í reitinn á milli.



Silja

flugsynd
vatnshrædd
innipúki

lífsglöð

liðug
stirð

bókaormur
svefnpurka
námshestur

systir, ljóshærð, dökkhærð, krullhærð




Lilja

Líkaminn okkar



Vitið þið hvað líkamshlutar ykkar heita? Ræðið saman og nefnið eins marga líkamsparta og þið getið.



Skoðið myndina af fólkinu í sundlauginni. Hvað nefnast númeruðu líkamshlutarnir? Skriðið heitin á línurnar.

- | | | | |
|----|-----------------|-----|-------|
| 1. | <u>úlnliður</u> | 7. | _____ |
| 2. | _____ | 8. | _____ |
| 3. | _____ | 9. | _____ |
| 4. | _____ | 10. | _____ |
| 5. | _____ | 11. | _____ |
| 6. | _____ | 12. | _____ |

bak, enni, haka, hné, hæll, kviður, læri, nafli, olnbogi, úlnliður, vang, öxl

Vinnið saman og leysið gáturnar.



1. Ég er á miðju líkamans. Hjá sumum er ég eins og hnappur en hjá öðrum er ég djúp hola.

Ég er _____

2. Þú beygir mig þegar þú kastar einhverju og ef þú rekur mig í eitthvað þá er það svakalega vont.

Ég er _____

3. Ég er á andlitinu. Fólk þreifar á mér ef það heldur að maður sé veikur og með hita.









Ég er _____

4. Þú beygir mig þegar þú sparkar í bolta og þú liggur á mér þegar þú ferð á fjóra fætur.

Ég er _____

Skráið fjöldann með því að fylla inn í töfluna.



Ég hef		augu 	Ég hef		eyru 
Ég hef		nef 	Ég hef		fætur 
Ég hef		finger 	Ég hef		tær 
Ég hef		hendur 	Ég hef		munni 


Andlit

Lesið fyrirmælin og teiknið andlitin.



Hún er með blá augu.
Hún er með stutt, rautt hár.
Hún er með lítið nef.
Hún er með rauðar varir.
Hún er með freknur.
Hún er með gleraugu.

Hann er með stór, brún augu.
Hann er með svart, hrokkið hár.
Hann er með stórt nef.
Hann er með þunnar varir.
Hann er með svart yfirvaraskegg.
Hann er rjóður í vöngum.



Hún er með svört augu.
Hún er með sítt, grátt hár.
Hún er með langt og mjótt nef.
Hún er með þykkar, svartar varir.
Hún er með vörtu á hökunni.
Hún er með skemmda framtönn.

Eftirlýstur

Lögreglan lýsir eftir manneskju. Lesið lýsinguna, skoðið myndina og skrifið í skjalið.



Lögreglan lýsir eftir Kolbeini Krókssyni, 28 ára til heimilis að Sjávarslóð 48. Hann er 189 cm á hæð, sköllóttur með brúnt skegg.

Kolbeinn er með blá augu en notar lepp yfir annað þeirra. Hann sást síðast í rauðum síðum frakka, hvítri skyrtu, grænum buxum og í einu brúnu stígvéli.

Hann er með tréfót í stað vinstri fótar og krók í stað hægri handar.



Nafn: _____

Heimili: _____


Aldur: _____ Hárlitur: _____

Hæð: _____ Augnlitur: _____

Sérkenni: _____

Fatnaður: _____

Ofurhetjur



Hvað eru ofurhetjur? Ræðið saman og teljið upp hversu margar ofurhetjur þið þekkið? Lesið síðan um nokkrar ofurhetjur. Hvaða ofurkrafta ætli þær hafi?

Sjón-Lína

Lína heiti ég og er bókavörður.
Mér finnst gaman að lesa og ég þekki næstum allar bækur á bókasafninu.

Stundum breytist ég í ofurhetju sem kallast Sjón-Lína.

Þá get ég séð
í gegnum hús og fjöll
og að auki get ég
lesið á ógnarhraða.
Ef þarf að finna
eitthvað sem er týnt
þá er ég rétta
manneskjan í verkið,
því ég er svo fundvís.

Búningurinn minn er
blá skikkja, grænn kjóll
og gul stígvél.

Einkunnarorðin mín eru:

**Sjón-Lína
- finnur hlutina þína!**



Litið Sjón-Línu
í réttum litum.




Felið nokkra hluti fyrir Sjón-Línu.

Lesið textann og teiknið hlutina á rétta staði.



- Undir rúminu er bleikur sokkur.
- Fyrir ofan bækurnar í hillunni hangir mynd.
- Ofan á skápnum er bangsi.
- Á bak við hurðina er bolti.
- Við hliðina á vekjaraklukkunni er glas.
- Á hillunni fyrir neðan lampann er spjaldtölva.
- Ofan í ruslafötunni er gosflaska.



Járni


Ég heiti Jón Árni.
Ég vinn sem járnsmiður.
Ég er líka ofurhetja
og þá heiti ég Járni.
Ég er kraftmikill
og brynjan mín er svo sterk
að ekkert kemst í gegnum hana.

Ég er líka mjög jákvæður
og ef einhver þarf á hjálp
að halda mæti ég á svæðið.

Búningurinn minn
er auðvitað úr járni
og í mínum uppáhaldslitum
sem eru gulur, rauður og grár.

Einkunnarorðin mín eru:

**Ef gamanið fer
að kárna
- kallaðu á Járna!**



Litið Járna 
í réttum litum.

Krossið í rétta reiti.



Járni er:

- skósmiður
- sterkur
- neikvæður
- jákvæður
- hjálpsamur
- þrílitur
- linur

Járnsmiður býr til:



- mat
- skeifur
- kjóla
- kaffi
- sverð
- fíla
- krók á bíl

Notið upplýsingarnar úr textanum um Járna og fyllið út nafnspjaldið.



Nafnspjald

Nafn: _____

Ofurhetjunafn: _____

Starfsheiti: _____

Eiginleikar: _____

Búningur: _____

Teiknið og litið Jón Árna grímulausan.




Steingrímur

Ég heiti Grímur
og er myndhöggvari.
Ég er líka ofurhetja
og þegar ég breytist
í hana heiti ég Steingrímur.

Þá verða fætur mínir
og hendur harðar sem grjót
og ég verð mjög sterkur.
Þannig get ég haldið uppi
mörg hundruð kílóum.
Þá verða nú margir steinhissa.

Ég er mjög vatnshræddur
enda sekk ég um leið
og ég kem ofan í vatn.
Búningurinn minn er grár
og mosagrænn.
Ég er með grænt hár.



Litið Steingrím
í réttum litum.



Einkunnarorð mín eru:

**Steingrímur sterki
- kemur sér fljótt að verki!**

**Strikið undir þessi
samsettu orð í textanum:**



- myndhöggvari
- ofurhetja
- Steingrímur
- steinhissa
- vatnshræddur
- mosagrænn

Samsett orð eru
búin til úr tveimur
eða fleiri orðum.

Tengið orðhlutana saman og skrifið samsetta orðið á línuna.



- | | | | |
|-------|---|----------|-------|
| mynd | • | hetja | _____ |
| stein | • | hræddur | _____ |
| ofur | • | höggvari | _____ |
| vatns | • | hissa | _____ |
| Stein | • | grænn | _____ |
| mosa | • | grímur | _____ |

**Hvaða orð vantar í málsgreinarnar?
Svörin eru í textanum um Steingrím.**



1. Ég er listamaður og bý til listaverk úr grjóti.

Ég er _____

2. Ef fólk verður mjög undrandi þá er sagt

að það sé _____

3. Sá sem er smeykur við að fara í sund gæti

verið _____

4. Sá sem er fljótur að byrja að vinna

kemur sér _____

Teygju-Tinna

Tinna heiti ég
og er nemandi.
Ég er stríðnis-púki
og stuð-stelpa.
Ég er líka mjög liðug.

Ég er löng og mjó
og get teyggt úr mér
eins og tyggjó.
Ég get beygt mig
og sveigt í allar áttir.

Teygju-byssur
eru í sérstöku
uppáhaldi hjá mér
og ég get skotið mjög
langt og nákvæmt.

Ég get smogið
inn um smæstu rifur
og leynst þar sem
enginn annar getur.
Ég er því frábær njósnari.

Búningurinn minn
getur breytt um lit
eftir umhverfinu.

**Einkunnarorðin mín eru:
Gott er að vera með
Teygju-Tinnu í vinnu!**




Búningur Teygju-Tinnu breytir um lit eftir umhverfi.
Lesið textann og svarið spurningunum.



Teygju-Tinna skreppur
í Boltaland. Þegar hún
stekkur út í marglita
bolta-hrúguna breytist
búningurinn hennar.
**Hvernig er búningurinn
á litinn?**

Það er vetur. Það er mikill
snjór og það er heiðskírt.
**Hvernig er búningurinn
á litinn?**



Það er nótt. Úti er myrkur.
Teygju-Tinna læðist heim.
**Hvernig er búningurinn
á litinn?**

**Litið myndina eins
og Teygju-Tinna
væri í Boltalandi.**



Eiginleikatafla

Rifjið upp lýsinguna á ofurhetjunum og fyllið inn töfluna. Krossið í alla reitina sem passa við hverja ofurhetju.



	Styrkur	Góð sjón	Hjálpsemi	Vatnshræðsla	Liðleiki
Sjón-Lína					
Járni					
Steingrímur					
Teygju-Tinna					



Hver af ofurhetjunum fjórum höfðar mest til ykkar? Af hverju?

Skafið ykkar eigin ofurhetju.



Nafn: _____

Ofurhetjunafn: _____


Starfsheiti: _____

Eiginleikar: _____

Einkunnarorð: _____

Ofurhetjan mín

Viskustykkið



Hver er uppáhalds ofurhetjan ykkar? Sara og pabbi eru að vaska upp og spjalla saman. Lesið samtali þeirra feðgina um ofurhetjur.

- Pabbi, hvað er ofurhetja? spurði Sara og horfði stórum augum á pabba sinn. Pabbi leit á hana og þurrkaði hendur sínar á viskustykki.
- Ofurhetja, segir þú? Hún mammaþín er nú uppáhalds ofurhetjan mín, sagði hann og brosti.
- Pabbi, ég meinti það ekki, svaraði Sara þreytulega. Pabbi hugsaði sig um.
- Ofurhetja er manneskja sem framkvæmir hetjudáðir og hefur einhverja hæfileika sem venjulegt fólk hefur ekki, sagði pabbi og bætti við:
- Eins og hann Súpermann. Hann er mjög sterkur, sér í gegnum hús og getur flogið. En svo er hann líka góður og hjálpsamur og kemur fólki sem er í vandræðum til bjargar.



Samsett orð eru
búin til úr tveimur
eða fleiri orðum.

**Finnið nokkur
samsett orð
í textanum.**



Tengið orðhlutana saman og skrifið samsetta orðið á línuna.



- | | | |
|-------|----------|-------|
| ofur | • tau | _____ |
| hetju | • stykki | _____ |
| leir | • leikar | _____ |
| visku | • hetja | _____ |
| hjálp | • dáð | _____ |
| hæfi | • samur | _____ |

Prófið að tengja orðhlutina saman á annan hátt. Hvaða orð verða til? Eru þetta alvöru orð?



Tengið saman orð og skýringu.



- | | |
|-------------|---|
| viskustykki | • sá sem er fús að aðstoða aðra |
| hjálpssamur | • gáfa eða geta á sérstöku sviði |
| hæfileikar | • klútur sem notaður er til að þurrka diska |
| ofurhetja | • björgunarafrek |
| hetjudáð | • diskur, skál og glas |
| leirtau | • einhver sem framkvæmir ótrúlega hluti |

Lesið áfram um ofurhetjupælingar Söru.

Sara kinkaði kolli og sagði:

- En pabbi, hann Súpermann er nú samt svolítið vitlaus.
- Nú af hverju segir þú það? spurði pabbi undrandi.
- Sko, hann fer alltaf í nærbuxur utan yfir buxurnar sínar.
- Ha, ha, þú ert nú meiri grín-Saran. Svona, taktu viskustykkið og þurrkaðu þetta leirtau.

Sara horfði hugsandi á köflótt viskustykkið sem pabbi rétti henni.

- Af hverju heitir þetta viskustykki? Ég get nú ekki séð að þessi tuska sé neitt gáfuð.

Pabbi skellti upp úr:

- Ég hef bara ekki hugmynd um af hverju þetta heitir viskustykki.

Sara sveipaði viskustykkinu um hálsinn og lét það hanga eins og skikkju niður eftir bakinu.

- Sara ofurhetja kemur til bjargar, hrópaði hún og rétti aðra höndina fram með krepptum hnefa.
- Með viskustykki um hálsinn verða mér allir vegir færir!



Finnið svörin við spurningunum í textanum og litið yfir þau með réttum litum.



1. Af hverju segir Sara að Súpermann sé vitlaus?

Gulur

2. Hvernig lítur viskustykkið út?

Rautt

3. Hvar sveipaði Sara viskustykkinu um sig?

Grænt

4. Hvaða áhrif segir Sara að viskustykkið hafi á hana?

Blátt

Myndagáta




S



n

Strútar



Vissuð þið að það eru til fuglar sem geta ekki flogið?
Ræðið saman um allt sem þið vitið um strútinn.



Fyllið í eyðurnar og strikið undir aðalatriðin í textanum.

Stærstu fuglar í heimi
nefnast strútar.

► Strútar eru stærstu fuglar í heimi.

Þeir lifa í Afríku.

► Strútar lifa í _____

Strútar eru grasætur
en éta einnig hnetur,
litlar eðlur og skordýr.

► Strútar éta _____

Strútar geta hvorki flogið
né synt en þeir geta
hlaupið mjög hratt.

► Strútar geta _____

Strútar geta tekið um
4 metra í hverju skrefi

► Skreflengd strúta er _____ metrar.

Þeir ná mest 70 kílómetra
hraða á klukkustund.

► Mesti hraði strúta er _____ km/klst.

Þeir geta orðið
150 kíló á þyngd.

► Þyngd strúta er _____ kg

Karlfuglinn er svartur
og hvítur en kvenfuglinn
er brúnn að lit.

► Litir karldýrs eru _____

Litur kvendýrs er _____

Fullvaxnir strútar eru um 2 metrar á hæð en kvenfuglinn er yfirleitt minni en karlfuglinn.

▶ Hæð strúta er _____ metrar.

Strútar geta orðið 40 ára gamlir.

▶ Líftími strúta er _____ ár.

Hugarkort

Skrifið aðalatriðin um strútinn í hugarkortið.



færni

fæða

heimkynni

líftími

útlit

Hvað ætli strúturinn geri þegar ráðist er á hann?
Lesið meira um strútinn og strikið undir aðalatriðin.





Strútar lifa í hópum, 5 til 50 saman.
Ef strútum er ógnað eða þeir lenda
í hættu þá leggjast þeir annaðhvort
flatir á jörðina eða hlaupa í burtu.

Egg strútsins er stærst allra
fuglaeggja og getur orðið ríflega
eitt kíló að þyngd.

Karlfuglinn í hópnum grefur
stóra holu fyrir egg allra
kvenfuglanna. Þar verpa
kvenfuglarnir eggjum
sínum en karlfuglinn
og einn kvenfugl
hjálpast síðan að
og liggja á eggjunum
í 35-45 daga.

Eggin klekjast út í holunni
og þegar ungarnir fara á stjá
er það karlfuglinn
sem hugsar um þá.





Krossið í réttan reit.



- Stútar halda sig saman í pörum.
- Strútar eru einfarar.
- Strútar lifa margir saman í hóp.
- Stútar eru ekki lengur til.

Krossið í réttan reit.



- Karlfuglinn grefur litla holu fyrir hvert egg.
- Karlfuglinn grefur stóra holu fyrir öll eggin.
- Kvenfuglinn grefur margar holur fyrir eggin.
- Kvenfuglinn liggur bara á sínum eigin eggjum.

Krossið í réttan reit.



Þegar strútum er ógnað þá ...

- baða þeir út vængjunum eða bíta.
- fljúga þeir í burtu.
- synda þeir í burtu eða fara í kaf.
- leggjast þeir á jörðina eða hlaupa í burtu.



- Af hverju ætli öll eggin séu sett saman í eina holu?
- Af hverju ætli strútar geti ekki flogið?





**BYRJAÐU
HÉR**

Áhöld: Teningur og spilakarlar.

Leiklýsing: Kastaðu teningi og færðu spilakarlinn um jafn marga reiti og koma upp á teningnum. Ef þú lendir á mynd áttu að segja **eitt orð sem rímar** við myndina.



Ef þú lendir á **bókstaf**, þá áttu að segja **þrjú orð** sem byrja á þeim bókstaf.

Ef þú getur ekki fundið orðin ferðu aftur til baka þar sem þú varst. Þú mátt bara kasta teningnum einu sinni í hverri umferð.

Sá vinnur sem kemur fyrstur í mark.

Til kennara



Litla-Lesrún er einkum ætluð nemendum á yngsta stigi grunnskólans og kemur á undan *Lesrúnu* og *Lesrúnu 2*. Bókinni er ætlað að mæta áherslum í aðalnámskrá um að nemendur geti lesið mismunandi tegundir texta og ráði yfir aðferðum og leiðum til að skilja og túlka það sem þeir lesa. Þeir geti nýtt sér fjölbreyttan orðaforða og ráðið í merkingu orða út frá samhengi.

Áherslur efnisins eru eins og fram kemur í undirtitli, að lesa, skilja og læra. Mikilvægt er að staldra við þegar lesið er, ræða saman, hugsa um efnið og velta því fyrir sér. Með því móti verður lestur bæði gagnlegur og skemmtilegur.

Samkvæmt aðalnámskrá felst í hugtakinu læsi bæði lestur og ritun. Í þessari bók er fyrst og fremst lögð áhersla á lesturinn, lesfærni og lesskilning. Miðað er við að nemendur æfist í að lesa mismunandi texta og fái þjálfun í að beita skipulega aðferðum til að glöggva sig á efninu, rifja það upp og draga út aðalatriði.

Lögð er áhersla á að nemendur æfist í að nota aðferðir til að auðvelda úrvinnslu, bæði munnlega og skriflega. Hugað er að bakgrunnspækkingu og hvatt til samvinnu og umræðna. Unnið er með hugarkort, Vennkort, spurningagerðir, myndlæsi, fyrirmæli og fleira.

Hugsunin að baki flestum verkefnum er að nemendur leysi þau sameiginlega og eru fyrirmæli í bókinni í fleirtölu til að undirstrika samvinnu og samræður. Tákmyndir eru til leiðbeiningar um það á hvern hátt verkefnin skuli unnin og eru þær útskýrðar fremst í bókinni.

Efnið í *Litlu-Lesrúnu* er fjölbreytt; ýmiss konar fróðleikur, sögur, gátur og ljóð. Gengið er út frá því að nemendur séu búnir að ná nokkurri lestrarfærni en þar sem færni nemenda í lestri er mismunandi er gott að kennari lesi textann upphátt í byrjun og veki athygli á einstökum orðum sem unnið verður með. Í framhaldinu mætti nýta kórlestur, bergmálslestur, paralestur eða skiptilestur. Flestir lestextar eru á vinstri blaðsíðu. Oftast er stutt kveikja efst á síðunni sem leiðir inn í textann. Þar er yfirleitt verið að hvetja til umræðna í þeim tilgangi að fá nemendur til að íhuga hvað þeir vita nú þegar um efnið. Að tengja við fyrri þekkingu auðveldar þeim að tileinka sér lestextann sem framundan er. Á hægri blaðsíðu eru verkefni sem reyna á lesskilning með margvíslegum hætti. Nemendur nýta sér upplýsingar úr texta til að vinna verkefni og draga ályktanir.

Flestar verkefnagerðir eru endurteknaðar nokkrum sinnum og eru svipaðar áherslur og í seinni bókum *Lesrúnar*. Í *Litlu-Lesrúnu* er mikil áhersla lögð á vinnu með aðalatriði í texta, orðskilning, rím og samsett orð. Með markvissri endurtekningu ná nemendur að tileinka sér ný orð og hugtök sem smám saman yfirfærast á frásögn og ritun.

Kennsluleiðbeiningar með *Litlu-Lesrúnu* má nálgast á mms.is





Litla LESRÚN

lesa – skilja – læra

ISBN 978-9979-0-2217-6

© Anna Þóra Jónsdóttir og Kristjana Pálsdóttir

© teikningar Lára Garðarsdóttir

Ritstjóri: Elín Lilja Jónasdóttir

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Yfirllestur og fagleg ráðgjöf: Kristín Björg Knútsdóttir
og Rannveig Sigurðardóttir, grunnskólakennarar

1. útgáfa 2019

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlitshönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentun: Oddi ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Litla LESRÚN

lesa – skilja – læra

Í þessari bók eru sögur, fróðleikur og ljóð sem gaman er að lesa. Þöndur, sæhestar, strútar og sniglar koma við sögu ásamt ofurhetjum og ormum.

Þið ræðið saman um það sem þið lesið og lærið ný orð. Þið leysið líka gátur og spilið skemmtilegt orðaspil.

Góða skemmtun!

**Höfundar eru Anna Þóra Jónsdóttir
og Kristjana Pálsdóttir.**

Lára Garðarsdóttir teiknaði myndirnar.


MENNTAMÁLASTOFNUN
40143

